

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa reksturs og umhirðu borgarlands

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. ágúst 2022 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hreinsun, sbr. 59. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022.

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hreinsun.

Í sumar hefur ástandið í Breiðholti verið slæmt þegar kemur að hreinsun. Ruslastampar hafa verið yfirfullir bæði í Seljahverfi og við leikvelli og við kartöflugarðana ábak við Fljótasel. Borgarfulltrúar hafa fengið ábendingar um þetta frá íbúum. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsinga um tíðni hreinsunar og ástæður fyrir af hverju hreinsun er ekki eins góð og hún ætti að vera.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands.

Svar við fyrirspurn

Almennt eru ruslastampar í borgarlandinu tæmdir eftir ákveðinni áætlun sem miðar að því að allir stampar í borgarlandinu eru tæmdir einu sinni í viku að jafnaði. Ofan á þessa áætlun er síðan unnið úr ábendingum frá íbúum eftir þörfum. Í framangreindri fyrirspurn er óskað eftir svörum um losun stampa í austurhluta borgarinnar en það verkefni er á hendi hverfastöðvar austur við Jafnasel sem sér um að losa ruslastampa austan Elliðaáa þar með talið í Seljahverfi. Við verkefnið eru notaðir tveir bílar sem sinna verkefninu samkvæmt ofangreindri áætlun en ábendingum um yfirfulla stampa er brugðist við með öðrum flokkabílum. Auðvitað geta stampar fyllst utan áætlunar en þá koma oftast ábendingar frá íbúum þar að lútandi og við þeim er brugðist eins fljótt og mögulegt er. Nokkrar ábendingar bárust í júlí vegna stampa og ruslatunna og var brugðist við þeim eins fljótt og unnt var.

Beðist er velvirðingar á töfum á svari við fyrirspurninni.

Virðingarfyllst,
Hjalti J. Guðmundsson
Skrifstofustjóri rekstur og umhirðu borgarlands